

Aðalfundur Klakka ehf.

26. ágúst 2015

Tillögur félagsstjórnar Klakka ehf. til aðalfundar félagsins þann 26. ágúst 2015.

Dagskrárliður 2: Staðfesting á ársreikningi fyrir árið 2014 og tillaga félagsstjórnar um ráðstöfun hagnaðar fyrir síðastliðið reikningsár.

Aðalfundur Klakka ehf., haldinn 26. ágúst 2015, samþykkir að hagnaður reikningsársins 2014, kr. 6.009.407.677, verði færður yfir eigið fé og að ekki verði greiddur arður til hluthafa.

Dagskrárliður 3: Tillaga félagsstjórnar um lækkun hlutfjár

Lagt er til að hlutfé félagsins verði lækkað um 303.327.655 kr. til jöfnunar á uppsöfnuðu tapi.

Greinargerð:

Lagt er til að núverandi eigin hlutir félagsins verði nýttir í hlutfjárلækkunina. Eftir lækkun hlutfjár verður hlutfé félagsins kr. 28.141.576.103 og verða samþykktir félagsins uppfærðar til samræmis við þetta.

Dagskrárliður 4: Tillaga félagsstjórnar um breytingu á samþykktum félagsins

Stjórn félagsins leggur til að hámark heildarfjárhæðar breytanlegra lána sem um er rætt í a-lið 1. mgr. 13. gr. samþykktanna verði kr. 210.000.000.000 í stað kr. 122.061.025.547.

Stjórn félagsins leggur því til að a-liður 1. mgr. 13. gr. verði svohljóðandi:

“Breytanlegu lánin eru mynduð með skilmálabreytingu krafna á hendur félaginu (ekki um frekari lántöku að ræða heldur eingöngu breytingu eldri lána) að samanlagðri fjárhæð sem jafngildir 90% af samningskröfum á hendur félaginu, sbr. 29. gr. gþl. Frekari útgáfur breytanlegra lána geta komið til komi fram frekari samningskröfur (allt í samræmi við ákvæði nauðasamningsins). Heildarfjárhæð höfuðstóls breytanlegu lánanna skal að hámarki vera kr. 210.000.000.000.”

Þá leggur stjórn félagsins til að heimild stjórnar til útgáfu nýrra hluta samkvæmt 2. mgr. 13. gr. samþykktanna verði hækkuð í kr. 210.000.000.000 í stað kr. 122.061.025.547.

Stjórn félagsins leggur því til að 2. mgr. 13. gr. verði svohljóðandi:

„Á gjalddaga, eins og honum kann að verða breytt, skal stjórn félagsins heimilt að hækka hlutfé félagsins um kr. 210.000.000.000 að nafnverði með útgáfu nýrra hluta að nafnverði kr. 1 hver. Forgangsréttur hluthafa til áskriftar skal ekki gilda um hina nýju hluti, sem skulu gefnir út til eigenda krafna samkvæmt breytanlegu lánunum til að fullnægja skuldbindingum félagsins samkvæmt þeim, í samræmi við ákvæði nauðasamningsins.”

Greinargerð:

Samkvæmt 13. gr. samþykktanna nemur hámark heildarfjárhæðar breytanlegra lána (eins og þau eru skilgreind í samþykktunum), í samræmi við ákvæði nauðasamnings félagsins frá árinu 2010 (“nauðasamningurinn”) kr. 122.061.025.547. Þá er stjórn félagsins veitt heimild til að hækka hlutfé félagsins um sömu fjárhæð á því

tímamarki sem breytanlegu lánunum skal breytt í hlutfé í því skyni að efna skyldur félagsins samkvæmt skilmálum breytanlegu lánanna.

Fyrirnefnd fjárhæð endurspeglar 90% þekktra og samþykktra krafna eins og þær voru á þeim tíma er nauðasamningur félagsins var staðfestur, en tekur ekki tillit til umdeilda og síðar lýstra krafna. Frá samþykki nauðasamningsins hefur fleiri kröfum verið lýst og samkomulag náðst um háar umdeildar kröfur. Hefur því heildarfjárhæð samningskrafna (eins og þær eru skilgreindar í 12. gr. samþykta félagsins) hækkað. Frekari uppgjör krafna kunna að hækka þessa fjárhæð frekar. Samkvæmt 13. gr. samþykka félagsins skulu eftirstöðvar breytanlegra lána breytast í hluti í félaginu á genginu kr. 1 á hlut á gjalddaga (eins og hann er skilgreindur í samþykktunum).

Því er lagt til að samþykktum félagsins verði breytt til að endurspeglar núverandi mögulega hámarksfjárhæð eftirstöðva breytanlegu lánanna og umbreytingu þeirra í hlutfé á gjalddaga. Er þetta gert með því að hækka tilvitnað hámark heildarfjárhæðar breytanlegu lánanna og þann fjölda hluta sem gefa skal út við umbreytingu þeirra. Slík breyting er nauðsynleg til að tryggja að félagið geti efnt skyldur sínar samkvæmt skilmálum breytanlegu lánanna.

Dagskrárliður 6: Tillaga félagsstjórnar um endurskoðunarfélag.

Lagt er til að Deloitte hf., Smáratorgi 3, Kópavogi, verði endurkjörð endurskoðunarfélag Klakka ehf. fyrir árið 2015.

Dagskrárliður 7: Tillaga um þóknun til stjórnarmanna.

Aðalfundur Klakka ehf., haldinn 26. ágúst 2015, samþykkir að stjórnarlaun verði sem hér segir: Stjórnarformaður 300.000 krónur á mánuði en aðrir stjórnarmenn 150.000 krónur á mánuði. Varamenn fái greiddar 100.000 kr. fyrir hvern fund er þeir sækja. Stjórnarmenn skulu auk þess fá fasta þóknun, 100.000 kr., fyrir hvern fund sem þeir sækja, umfram einn reglulegan stjórnarfund í mánuði, og fyrir hvern fund sem þeir sækja í undirnefndum stjórnar. Ekki skal þó greitt fyrir fleiri en þrjá slíka aukafundi í hverjum mánuði.

Dagskrárliður 8: Tillaga félagsstjórnar um samþykkt starfskjarastefnu.

„Starfskjarastefna Klakka ehf.

1. gr. Markmið

Markmið starfskjarastefnu Klakka er að bjóða starfsmönnum og stjórnarmönnum samkeppnishæf laun fyrir störf sín. Taka skal tillit til stöðu, álags, ábyrgðar og framtíðarmöguleika þegar umbun starfsmanna er ákveðin.

2. gr. Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 54. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Gerir stjórnin tillögu um þóknunina fyrir komandi starfsár.

3. gr. Starfskjör forstjóra

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við forstjóra. Að öðru leyti skulu markmið skv. 1. gr. höfð að leiðarljósi við ákvörðun starfskjara forstjóra og umbunar í skilningi 1.-6. tl. 1. mgr. 54. gr. a laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Við gerð ráðningarsamnings við forstjóra skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi.

4. gr. Umbun til stjórnenda

Forstjóri félagsins gerir tillögu til stjórnar um starfskjör starfsmanna og annarra stjórnenda Klakka ehf. Markmið skv. 1. gr. skulu höfð að leiðarljósi við ákvörðun starfskjara stjórnenda og umbunar í skilningi 1.-6. tl. 1. mgr. 54. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

5. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og önnur mál

Starfskjarastefna félagsins skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi og skal hún tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund til samþykktar eða synjunar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir félagið. Stjórn félagsins skal færa til bókar í fundargerðarbók veigamikil frávík frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávík studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.“